


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 11		
Dags.: 27.11.2019		
Höfundur: Áfangastjórar	ÍSLE1LO04S Haustönn 2021	
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 1 af 3		

Kennari	Hafdís Bjarnadóttir	Sk.st.	HAF
	Dagbjört Lauritz Agnarsdóttir		DLA

Áfangalýsing:

Unnið verður markvisst að því að þjálfa lestur í víðu samhengi, bæta lesskilning og skilning á orðtökum, myndmáli og líkamstjáningu. Jafnframt að efla málskilning, málnotkun, hlustun, tjáningu, samræður og ritun. Nemendur lesa fjölbreyttan texta og horfa á kvikmyndir og leikrit.

Markmið:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi tjáningarmáta og túlkunaraðferðum
- auknum orðaforða til daglegrar notkunar
- mikilvægi þess að hafa góðan lesskilning, ekki bara á ritmáli

Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- átta sig á mismunandi túlkunaraðferðum
- beita virkri hlustun og ná bæði aðal- og aukaatriðum
- gagnrýna á uppbyggilegan hátt
- koma skoðunum sínum á framfæri

Hæfni: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu / leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta lesið og hlustað sér til gagns og ánægju
- tekið þátt í samræðum og rökræðum
- hlusta á og virt sjónarmið annarra
- lagt mat á eigin frammistöðu (sjálfsmat)


Námsgögn:

Lestur og lesskilningur: Íslensk skáldsaga. Annað lesefni: fræðandi greinar, fréttagreinar og fleira áhugavert sem birtist í dagblöðum, tímaritum og á veraldarvefnum. Skáldsagan: *Ég er Nojoud, 10 ára - fráskilin*. Höfundar: Nojoud Ali og Delphine Minoui. Útgefandi: Forlagið útgáfa 2009. Nemendur fá bókina lánaða í skólanum.

Vinnubók með skáldsögu og munnleg og skrifleg verkefni úr öðru lesefni sem kennari útbýr.

Ritunarverkefni: Ýmist sem nemendur velja sér sjálfir eða kennari ákveður og tengjast atburðum í dagsins önn, úr fréttaveitum, dagblöðum og tímaritum og áhugasviði nemenda. Nemendur skrifa frásagnir, gera útdrætti og búa til spurningar úr lesefni.

Íslenskir þættir og kvikmyndir ásamt verkefnum, munnlegum og skriflegum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 11		
Dags.: 27.11.2019		
Höfundur: Áfangastjórar	ÍSLE1LO04S Haustönn 2021	
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 2 af 3		


Áætlun um yfirferð og verkefni:

Tímabil	Viðfangsefni	Verkefni
Vika 33-36	Kynning á áfanganum, kynning nemenda, hagnýtar upplýsingar. Megin áhersla á lestur, byrjað á blaðgreinum og skáldsögu. Horft á íslenska þætti og unnin verkefni úr þeim.	Munnleg og skrifleg verkefni með blaðgreinum. Vinnubók með skáldsögu.
Vika 37-41	Ritun 1x viku og lestur blaðgreina áfram. Lestur skáldsögu áfram. Horft á íslenska þætti og unnin verkefni úr þeim.	Stuttar frásagnir, útdrættir, spurningagerð. Vinnubók með skáldsögu áfram.
Vika 42- 44	Lokið við skáldsögu. Ritun. Fyrirlestur um eigin áhugamál. Horft á íslenska þætti og unnin verkefni úr þeim.	Vinnubók með skáldsögu lokið. Ritunarverkefni áfram. Nemendur útbúa og flytja fyrirlestur með glærusýningu. Munnleg og skrifleg verkefni.
Vika 45-48	Íslenskar kvikmyndir áfram. Nemandinn verður kennarinn.	Munnleg og skrifleg verkefni. Ýmis stutt viðfangsefni sem nemendur skiptast á að velja sjálfir, stjórna, útfæra og kenna okkur hinum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Námsmatið er í höndum kennara viðkomandi áfanga en þarf að fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá VMA.

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lestur, lesskilningur,	Lestur og skriflegar spurningar úr <i>Ég er Nojoud, 10 ára - fráskilin</i> .	20%	
Krossapróf	2 krossapróf úr <i>Ég er Nojoud, 10 ára - fráskilin</i> 5 % hvert.	10%	
Lestur, lesskilningur, ritun	Ritunarverkefni – valin 3 bestu, 5% hvert. Blaðgreinar, útdrættir/spurningar – valin 3 bestu 5% hvert.	15%	
Framsögn/tjáning	Fyrirlestur, áhugasvið nemenda	10%	
Framsögn/tjáning	Nemandi verður kennari.	10%	
Sjálfsmat	Sjálfsmat, mat á eigin frammistöðu á miðri önn og við lok annar.	10%	
Túlkun/samræður	Verkefni úr íslenskum þáttum, munnleg og skrifleg skil.	10%	

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 11		
Dags.: 27.11.2019		
Höfundur: Áfangastjórar	ÍSLE1LO04S Haustönn 2021	
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 3 af 3		

	Samtals	100%
Annað: Breytingar geta orðið á námsfyrirkomulagi og mati ef kemur til breytinga á skólastarfi vegna heimsfaraldurs COVID. Allar breytingar verða kynntar nemendum.		

Notkun síma í kennslustundum er háð leyfi kennara.
Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.
Dagsetning:

Hafdis Bjarnadóttir
Undirritun kennara

Brýndis Inda H.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils